


Kópavogsbær
Smári Smárason,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. febrúar 2009

Tilvisun: UST20081200117/bs

Arnarnesvegur, Deiliskipulag - Umsögn

Vísað er til bréfs Bæjarskipulags Kópavogs dags. 16. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði í umhverfisskýrslu:

Loftgæði

Í umhverfisskýrslu er sagt frá því að ekki hafi verið gerðar sérstakar mælingar eða útreikningar til að meta umfang loftmengunar en að litið hafi verið til umfjöllunar um þessa verkþætti í mati á umhverfisáhrifum fyrir Hallsveg. Það getur vel verið réttlætanlegt að bera saman framkvæmdir á mismunandi stöðum og t.d. að gefa sér að 15 þúsund bíla umferð skapi jafnmikla mengun hvort heldur er á stað A eða B. Í þessum samanburði milli Arnarnesvegar og Hallsvegar er hinsvegar sérstaklega dregið fram að við Hallsveg muni styrkur svifryks fara yfir heilsuverndarmörk á svæðum með íbúðabyggð og leikskólum óháð því hvort af framkvæmd verði eða ekki. Í því tilfelli er um að ræða götur sem eru til staðar í dag og koma til með að taka við aukinni umferð hvort sem Hallsvegur tengist upp á Vesturlandsveg eða ekki. Að nefna þetta í tengslum við mögulega mengun við þenna hluta Arnarnesvegar er beinlínis villandi þar sem enginn vegur er til staðar þar í dag og loftmengun mun því verða óveruleg ef ekki kemur til framkvæmdar. Réttur samanburður hefði verið að bera þegar tilkominn hluta Hallsvegar við t.d. þegar tilkomnar götur í Salahverfi.

Samanburður við matið á Hallsvegi sýnir einmitt að þegar umferð er komin í það sem gert er ráð fyrir að verði á Arnarnesvegi má búast við því að heilsuverndarmörkum svifryks fyrir sólahringsmeðaltal verði náð í þeirri byggð sem næst stendur veginum.

Í lok umfjöllunar um loftgæði er sett fram staðhæfing sem Umhverfisstofnun vill gera athugasemdir við. Þar er sagt að áhrif á loftgæði séu óbein þar sem ekki sé litið svo á að tilkoma umrædds kafla Arnarnesvegar sé orsakavaldur umferðarinnar sem muni fara um veginn. Stofnunin getur ekki fallist á þessa túlkun og varar við því að slík röksemadafærsla geti leitt til ófaglegra skoðanaskipta um skipulagsmál.

Umhverfisstofnun telur margt benda til þess að lagning vegarins geti haft talsverð neikvæð áhrif á loftgæði á þeim íbúasvæðum sem næst eru fyrirhugaðri veglínu.

Hljóðvist:


Umhverfisstofnun telur að skoða eigi í samhengi áhrif vegar og staðsetningu byggðar, þannig að mótvægisafgerðir verði ekki forsenda þess að unnt sé að staðsetja vegi ásættanlega með tilliti til þeirra byggðar sem þegar hefur risið við fyrirhugað vegstæði. Með því væri einig hægt fyrir að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum hljóðmana við íbúðabyggð.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfullst -

Björn Stefánsson


Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri